

**Berist til Fjárlaganefndar:**

Reykjavík, 2. desember, 2020

**Sendandi: Þórunn Reynisdóttir framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands**

Ágæta fjárlaganefnd.

Eins og komið hefur fram í umræðu undanfarið, er staða ferðaþjónustu mjög erfið vegna þess ástands sem COVID 19 faraldurinn hefur skapað. Íslenskar ferðaskrifstofur, sem selja utanlandsferðir til Íslendinga hafa verið í erfiðleikum síðan tekjufall varð í rekstri þeirra í mars á þessu ári. Heimsferðir hafa verið í mikilli samvinnu við Ferðamálastofu, sérstaklega vegna endurgreiðslu þjónustu til viðskiptavina sinna. Nú þegar Ferðaábyrgðarsjóður hefur verið stofnaður hefur bráðagreiðsluvandi flestra ferðaskrifstofa verið leystur, með skuldsetningu þessara fyrirtækja við sjóðinn. Auk þess hafa ferðaskrifstofur eins og mörg önnur fyrirtæki nýtt sér hlutastarfaleið stjórnvalda og auk þess nýtt sér uppsagnarleiðina, sem fylgdi í kjölfarið. Mikil óvissa ríkir um framhaldið, þar sem eftirspurn er enn nær enginn og mjög erfitt er að spá fyrir um hvenær reikna megi með því, að ferðalög hefjist aftur.

Ferðaskrifstofa Íslands óskar eftir stuðning opinberra aðila vegna sérstakra björgunarfluga, sem ferðaskrifstofan framkvæmdi til að koma íslenskum farþegum heim til Íslands við upphaf faraldursins. Félagið sendi erindi þess efnir til Samgönguráðuneytisins vegna þessara fluga, en því var formlega hafnað með bréfi frá Samgönguráðuneyti, dagsettu 27. ágúst, 2020, þar sem ekki hafði verið formlegt samráð við ráðuneytið áður en flugin komu til framkvæmda. Við getum því miður ekki sætt okkur við þessa niðurstöðu og förum formlega fram að Fjárlaganefnd skoði þessa beiðni félagsins.

Forsaga máls er, að þegar útlit var fyrir að landamæri landa lokuðust vegna útbreiðslu COVID 19 var mikill þrýstingur að íslenskum farþegum stæði til boða að snúa til Íslands eins fljótt og mögulegt var. Stærstu ferðaskrifstofurnar höfðu samband við Samkeppniseftirlit og báðu um undanþágu frá samkeppnisákvæðum, þannig að aðilar gætu samræmt eins og mögulegt var aðgerðir til að tryggja heimkomu sem flestra farþega. Boðað var til nokkurra funda til að ræða þessi mál og það lá fljótt fyrir, að setja yrði upp aukaflug, til að tryggja heimferð farþega hið fyrsta. Að ósk ferðaskrifstofa sátu þessa fundi fulltrúar Ferðamálastofu, Neytendastofu og Utanríkisráðuneytis, sem hélt utan um gagnabanka um þá Íslendinga, sem yrðu að komast til landsins sem fyrst. Niðurstaðan var sú, að sett voru upp 4-8 aukaflug, sem sérstaklega flugu til áfangastaða á Kanaríeyjum, þar sem mesti fjöldi Íslendinga dvaldist. Ákveðið var, að innheimta ekki sérstakt gjald af farþegum vegna þessarra fluga, en í samráði við Ferðamálastofu og Neytendastofu var útbúið skjal þess efnis, að farþegar völdu að fá sæti

í þessum björgunarflugum, en þeir afsöluðu sér rétti til frekari bóta af hendi ferðaskrifstofa vegna styttingar ferðar.

Það var rætt á þessum fundum, að ekki var gert ráð fyrir beinni aðkomu ríkisvaldsins að kostnaði vegna þessara fluga í byrjun, en rætt var sérstaklega, að beiðni um slíkt yrði send í kjölfarið. Tíminn var mjög naumur, þar sem landamæri ríkja voru að lokast hvert af öðru og útgöngubann var þegar í gildi á áfangastöðum á Spáni. Ráðleggingar þeirra opinberu aðila sem sátu fundinn voru á þann veg, að ekki yrði frekari kröfur á ferðaskrifstofur frá viðskiptavinum, þar sem farþegar samþykktu að falla frá kröfum, með því að þiggja sæti í þessu flugvélum. Rétt er að taka fram, að á þessum tíma lá ekki fyrir hvaða frekari aðgerða yrði gripið til, enda var algjör óvissa um hve lengi þetta ástand gæti varað og hver áhrif yrðu á rekstur fyrirtækja.

Það þarf vart að taka fram, að ástandið er mun alvarlegra en nokkrar spár gerðu ráð fyrir. Fyrirtækin eru í raun tekjulaus og því miður sér ekki fyrir endann á þeirri stöðu. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að fyrirtækin eru að verða fyrir miklum viðbótarkostnaði vegna þessara umræddu björgunarfluga. Nokkrir farþegar sættu sig ekki við það að hafa ekki rétt á endurgreiðslu vegna styttingar ferðar, þrátt fyrir að hafa samþykkt þá ráðstöfun áður en þeir páðu sæti í aukaflygunum. Nokkrir viðskiptavinir skutu máli sínu til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa, sem komst að þeirri niðurstöðu, að réttur viðskiptavinar sé ótvíræður, þrátt fyrir að það ástand sem þarna kom upp geti með engu móti talist annað en að um verulegan forsendubrest (force major) hafi verið að ræða. Þetta er þvert á ráðleggingar Neytendastofu og það getur vart talist eðlilegt, að þau lög sem vitnað er til eigi svo einhliða við í slíkri stöðu. Við viljum benda á úrskurð 55/2020 til frekari upplýsinga. Rétt er að ítreka, að þessi tilhögun var ákveðin í samráði við þá opinberu aðila sem um slíkt mál fjalla og við teljum því ábyrgð hins opinbera mikla og getum ekki fallist á rök Samgönguráðuneytis um að ekki hafi verið samráð við opinbera aðila áður en ákvörðun um þessi flug var tekin.

Þessi úrskurður kærunefndar er opinber og hafa þegar margir aðrir farþegar krafist bóta og endurgreiðslu vegna þessara ferða. Heildarkostnaður Ferðaskrifstofu Íslands vegna þessara aukaflyga er 43.888.804 milljónir króna, en til viðbótar má ætla að um 22.000.000 milljónir gætu bæst við ef flestir farþegar krefjast endurgreiðslu og bóta byggt á úrskurði kærunefndar. Rétt er að taka fram, að öll þessi flug voru framkvæmd af Icelandair og voru greidd að fullu til þess fyrirtækis, áður en flugin komu til framkvæmda.

Samkvæmt upplýsingum frá Samgönguráðuneyti voru gerðir sérstakir samningar við Icelandair og áttu þeir samningar aðeins að vera vegna áætluunarflugs til og frá landinu. Af þeirri ástæðu væru þeir samningar ekki sambærilegir við björgunarflug ferðaskrifstofanna. Þetta er hins vegar ekki alveg rétt, þar sem það liggur fyrir, að um 3-4 þessara fluga voru til Alicante á Spáni. Icelandair hefur hins vegar ekki verið með áætluunarflug á þann stað í áraraðir. Vita, sem er ferðaskrifstofa Icelandair hefur hins vegar verið á bak við þessi leiguflug til Alicante. Það eru því fordæmi fyrir því, að opinber styrkur hafi verið veittur til björgunarfluga vegna leigufluga, sem breyta þurfti vegna COVID 19 faraldurs. Það má einnig benda á, að í nágrennalöndum okkar hafa opinberir aðilar styrkt sambærileg björgunarflug ferðaskrifstofa í viðkomandi löndum, sem hafa lent í sömu aðstöðu og íslenskar ferðaskrifstofur.

Ég undirrituð vill biðja háttvirta Fjárlaganefnd að skoða ósk okkar um stuðning hins opinbera til að bæta félaginu áfallinn kostnað vegna þessa máls. Við ítrekum, að engar aðgerðir voru ákveðnar nema í samráði við þá opinberu aðila, sem fjölluðu um þessi mál á fundum með ferðaskrifstofunum. Samningar við Ícelandair um greiðslur frá ríkinu vegna björgunarfluga til Alicante lágu ekki fyrir, þegar þessi fyrstu björgunarflugin voru ákveðin. Við teljum einnig, að líta megi til fordæmis í nágrennalöndum okkar, sérstaklega Danmerkur, þar sem ríkið hefur styrkt margar ferðaskrifstofur, m.a. vegna björgunarfluga og þeirra stöðu sem fyrirtækin eru í.

Virðingarfyllst,

Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands